

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Reynivellir, Efribær, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 9. nóvember 2023 deiliskipulag Reynivalla, Efribæjar, í samræmi við 3. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Helstu markmið skipulagsins eru að skilgreina lóðir og byggingarreiti fyrir gistihús og hús fyrir tæki og aðstöðu ferðapjónustu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Kyljuholt á Mýrum, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 14. desember 2023 deiliskipulagsbreytingu fyrir Kyljuholt á Mýrum í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingunni felst tilfærsla lóða og byggingarreita. Bílastæðalóð er felld út.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 15. desember 2023.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri.